

Skólaráð Dalvíkurskóla 16. febrúar 2022

Mættir: Matthildur fulltrúi kennara, Katrín Fjóra deildarstjóri, Friðrik skólastjóri, Freydís fulltrúi foreldra, Bil fulltrúi nemenda, Alexander fulltrúi nemenda.

Forfallaðir: Dóra fulltrúi nærsamfélags, Hugrún fulltrúi kennara, Ester fulltrúi annars starfsfólks, Ragnhildur fulltrúi foreldra.

Dagskrá

1. Hlutverk og starfsáætlun skólaráðs
2. Skólanámskrá
3. Skólapúlsinn, nemenda- og foreldrakönnun
4. Fjárhagsáætlun 2022
5. Menntastefna Dalvíkurbyggðar
6. Aðstaða nemenda, skólalóð og afþreying í frímínútum
7. Önnur mál

1. Friðrik skólastjóri fór yfir fulltrúa í skólaráði.

Fór yfir hlutverk og starfsáætlun skólaráðs (búið að senda það til fulltrúa). Er samráðsvettvangur allra sem koma að skólasamfélaginu. Kosið til tveggja ára í senn, nema nemendur eru úr 10. bekk og því kosnir árlega.

2. Skólanámskrá kynning. Friðrik fór lauslega yfir hana. Áhersluatriði, stefna skólans og fl. Ekki búið að uppfæra skólanámskránnu fyrir þetta ár á heimasíðunni. Farið lauslega yfir stýrihópana.

3. Skólapúlsins, nemenda- og foreldrakönnun. Farið yfir niðurstöður frá því í haust. Einelti hefur minnkað frá fyrra ári og skóla- og bekkjarandi er betri en var í fyrra. Samband við kennara er gott.

4. Fjárhagsáætlun Farið yfir fjárhagsáætlun. Launakostnaður er stærðsti liðurinn. Endurnýjun á búnaði til stendur að kaupa fleiri tölvur, lpada, húsgögn í 4 stofur og sjónvörp. Farið verður í endurnýjun á ljósum í sumar.

5. Kynning á menntastefnu Dalvíkurbyggðar: **Í hverju barni býr fjársjóður**. Leiðarljós að velferð og hagsmunir nemenda eru leiðarljós í skólastarfinu. Stefnan er birt á heimasíðu skólans.

6. Aðstaða fyrir nemendur

Skólalóð. Sum leiktækin eru vinsælli en önnur það hefur verið bætt við tækjum.

Fulltrúar nemenda óska eftir meiri vallartíma á sparkvellingum fyrir elstu nemendurnu. Eða annan völl fyrir eldri nemendur. Skoða með að endurnýja spil sem eru vinsæl.

Frímínútur, aðstæður inni, mætti bæta við poolborði.

Fulltrúar nemenda 10. bekkjar ánægðir með stóla og borð í stofunni sinni. eru ánægðir með að það séu að koma sjónvörp í fleiri stofur. Nem. óska eftir fleiri föstudags síma/tækjadögum.

Fundarritari: Katrín Fjóra Guðmundsdóttir